

Hulda Kristjánsdóttir

From: Kolbrún Guðmundsdóttir <kolbrun@sunnulaekjarskoli.is>
Sent: föstudagur, 8. nóvember 2024 12:50
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Cc: Guðríður Jónsdóttir
Subject: Ályktun um kjaradeilu
Attachments: Ályktun um kjaradeilu.pdf

Góðan dag

Meðfylgjandi er ályktun frá Kennarafélögum Suðurlands og Vestmannaeyja um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Átta ár eru síðan gert var samkomulag milli opinberra launagreiðenda og bandalaga stéttarfélaganna um breytingar á skipan lífeyrismála. Samkomulagið kveður einnig á um jöfnun launa milli markaða. Ári síðar höfðu lífeyrisréttindi launþega á almennum og opinberum markaði verið jöfnuð. Kennarar krefjast sambærilegra launa og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar á atvinnumarkaði. Ómálefnalegur launamunur milli markaða hefur haft alvarlegar afleiðingar á íslenskt skólakerfi. Það sárvantar kennara. Það er því löngu orðið tímabært að jafna launin og fjárfesta þannig í skólakerfinu og framtíðinni um leið. Kennarafélögin taka eindregið undir áhyggjur foreldra og nemenda af stöðu mála og hvetja viðsemdur til að ljúka vinnunni sem fyrst. Kennarafélög Suðurlands og Vestmannaeyja skora því á sveitarstjórnir að styðja við bak starfsfólks síns og beita sér fyrir því að samið verði við kennara, fyrir þá sjálfa, skólana og ekki síst nemendur skólanna.

Við óskum eftir staðfestingu móttöku þessa erindis og að erindið verði tekið fyrir hjá sveitarstjórn.

Virðingarfyllt

Kolbrún Guðmundsdóttir formaður Kennarafélags Suðurlands og
Guðríður Jónsdóttir formaður Kennarafélags Vestmannaeyja

Selfossi 7. nóvember 2024

Ályktun frá Kennarafélagi Suðurlands og Kennarafélagi Vestmannaeyja

Kennarafélög Suðurlands og Vestmannaeyja skora á sveitarstjórnir á Suðurlandi að beita sér fyrir lausn í kjaradeilu Kennarasambands Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og íslenska ríkisins. Mikilvægt er að sveitarstjórnir, sem bera ábyrgð á að framfylgja grunnskólalögum á Íslandi, liði fyrir viðræðum með því að leggja áherslu á að fjárfesta í kennurum.

Kennarafélag Suðurlands og Kennarafélag Vestmannaeyja

Hulda Kristjánsdóttir

From: Páll Sveinsson <pall@vallaskoli.is>
Sent: föstudagur, 8. nóvember 2024 13:12
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Ályktun frá Skólastjórafélagi Suðurlands

Ályktun frá Skólastjórafélagi Suðurlands

Skólastjórafélag Suðurlands skorar á sveitarstjórnir á Suðurlandi að beita sér fyrir lausn í kjaradeilu Kennarasambands Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og íslenska ríkisins. Mikilvægt er að sveitarstjórnir, sem bera ábyrgð á að framfylgja grunnskólalögum á Íslandi, liðki fyrir viðræðum með því að leggja áherslu á að fjárfesta í kennurum.

F.h. Skólastjórafélags Suðurlands,
Páll Sveinsson, formaður.

Vinsamlega staðfestið móttöku á þessum pósti.



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Páll Sveinsson

Skólastjóri
Póstur: pall@vallaskoli.is
Sími: +354 480 5850
Gsm: +354 822 9987

Hulda Kristjánsdóttir

From: Oddný Guðríður Pálmadóttir <odnygp@arborg.is>
Sent: miðvikudagur, 13. nóvember 2024 13:58
To: Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; gogg@gogg.is; hruni@fludir.is; Móttaka Hveragerði; myrdalshreppur@vik.is; ry@ry.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; klaustur@klaustur.is; Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Sveitarstjóri Flóahrepps; gogg@gogg.is; hruni@fludir.is; Móttaka Hveragerði; myrdalshreppur@vik.is; ry@ry.is; hvolsvollur@hvolsvollur.is; klaustur@klaustur.is; skeidgnup@skeidgnup.is; olfus@olfus.is; Ráðhúspóstur DL; postur@vestmannaeyjar.is; skeidgnup@skeidgnup.is; olfus@olfus.is; Ráðhúspóstur DL; postur@vestmannaeyjar.is
Subject: Til þess er málið varðar - Ályktun um kjaraviðræður
Attachments: Ályktun-um-kjaradeilu.pdf; Bréf-með-ályktun-v.kjaradeilu.pdf

Góðan dag.

Meðfylgjandi er ályktun frá stjórn 8.svæðadeild Félags Leikskólakennara um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Átta ár eru síðan gert var samkomulag milli opinberra launagreiðenda og bandalaga stéttarfélaganna um breytingar á skipan lífeyrismála. Samkomulagið kveður einnig á um jöfnun launa milli markaða. Ári síðar höfðu lífeyrisréttindi launþega á almennum og opinberum markaði verið jöfnuð.

Kennarar krefjast sambærilegra launa og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar á atvinnumarkaði. Ómálefnalegur launamunur milli markaða hefur haft alvarlegar afleiðingar á íslenskt skólakerfi. Það sárvantar kennara og það er því löngu orðið tímabært að jafna launin og fjárfesta þannig í skólakerfinu og framtíðinni um leið.

8. svæðadeild Félags leikskólakennara tekur eindregið undir áhyggjur foreldra og nemenda af stöðu mála og hvetja viðsemjendur til að ljúka vinnunni sem fyrst. Stjórn 8.svæðadeildar skorar því á sveitarstjórnir að styðja við bak starfsfólks síns og beita sér fyrir því að samið verði við kennara, fyrir þá sjálfa, skólana og ekki síst nemendur skólanna.

Við óskum eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis og að erindið verði tekið fyrir hjá sveitarstjórn.

F.h. leikskólakennara á Suðurlandi,

Oddný Guðríður Pálmadóttir, formaður 8. svæðadeildar Félags leikskólakennara
Elva Hrönn Alfreðsdóttir, gjaldkeri
Árný Rún Guðnadóttir, ritari

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

Selfossi, 12. nóv. 24

Ályktun frá 8.svæðadeild Félags leikskólakennara

8.svæðadeild Félags leikskólakennara skorar á sveitarstjórnir á Suðurlandi að beita sér fyrir lausn í kjaradeilu Kennarasambands Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og íslenska ríkisins. Mikilvægt er að sveitarstjórnir, sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um leikskóla á Íslandi, liði fyrir viðræðum með því að leggja áherslu á að fjárfesta í kennurum.

Stjórn 8.svæðadeildar Félags leikskólakennara.

13.nóvember 2024

Góðan dag

Meðfylgjandi er ályktun frá stjórn 8.svæðadeild Félags Leikskólakennara um yfirstandandi kjaradeilu kennara við Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Átta ár eru síðan gert var samkomulag milli opinberra launagreiðenda og bandalaga stéttarfélaganna um breytingar á skipan lífeyrismála. Samkomulagið kveður einnig á um jöfnun launa milli markaða. Ári síðar höfðu lífeyrisréttindi launþega á almennum og opinberum markaði verið jöfnuð.

Kennarar krefjast sambærilegra launa og aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar á atvinnumarkaði. Ómálefnalegur launamunur milli markaða hefur haft alvarlegar afleiðingar á íslenskt skólakerfi. Það sárvantar kennara og það er því löngu orðið tímabært að jafna launin og fjárfesta þannig í skólakerfinu og framtíðinni um leið. 8. svæðadeild Félags leikskólakennara tekur eindregið undir áhyggjur foreldra og nemenda af stöðu mála og hvetja viðsemjendur til að ljúka vinnunni sem fyrst. Stjórn 8.svæðadeildar skorar því á sveitarstjórnir að styðja við bak starfsfólks síns og beita sér fyrir því að samið verði við kennara, fyrir þá sjálfa, skólana og ekki síst nemendur skólanna.


Við óskum eftir staðfestingu á móttöku þessa erindis og að erindið verði tekið fyrir hjá sveitarstjórn.

F.h. leikskólakennara á Suðurlandi,

Oddný Guðríður Pálmadóttir, formaður

Elva Hrönn Alfreðsdóttir, gjaldkeri

Árný Rún Guðnadóttir, ritari



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Tillögur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi varðandi breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits

Á aðalfundi SHÍ sem haldinn var í Kópavogi 24. október sl. var ákveðið að fela stjórn SHÍ að taka saman nokkra áherslupunkta um breytingar á opinberu eftirliti með tilliti til þeirra sviðsmynda sem kynntar hafa verið og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu í erindi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) dags. 10. júlí sl. varðandi þá fullyrðingu að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-samningum.

Það er mikilvægt að mati SHÍ að hafa í huga það orðspor og traust sem heilbrigðiseftirlitin á landinu hafa í dag. Núverandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits hefur skilað sér í faglegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa, eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum er virkt en nálægt viðskiptavinum sem hafa þannig greiðan aðgang að aðstoð og leiðbeiningum, matvælaöryggi er tryggt og fylgst er með að íbúum sé tryggt heilnæmt umhverfi.

Heilbrigðiseftirlitin telja tækifæri til úrbóta og betri samræmingar á eftirliti sem komi til móts við athugasemdir sem fram hafa komið. Slíkum úrbótum verði best náð með því að styðja enn betur við heilbrigðieftirlit sveitarfélaga og styrkja samræmingarhlutverk tengdra fagstofnana, Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar, sem skilgreint er í lögum. Það myndi skila sér í sýnilegri samræmingu milli heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga og tryggja skilvirkari og vandaðri vinnubrögð og þjónustu til þjónustuþega, svo sem með samræmingu á birtingu á niðurstöðu eftirlits, í góðri sátt við sveitarfélögin.

Mikilvægt er að halda því til haga að heilbrigðiseftirlitin hafa mun víðtækara hlutverk en að sinna leyfisútgáfu og reglubundnu eftirliti í leyfisskyldri starfsemi, s.s. með vöktun umhverfisgæða, kvörtunum vegna umgengi, kvartana vegna hávaða og lyktar auk skipulagsumsagna. Styrking heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga myndi tryggja enn frekar markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir að „búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði, og heilnæmt, ómengað umhverfi og markmiði laga um matvæli um að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla.

Aðgerð 1. Samræmingarhlutverk fagstofnanna.

Gerðar verði breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995 þar sem bætt verði í 4. gr. laganna um orðskýringar, nánari skilgreiningu á hugtökunum, yfirumsjón og samræming opinbers eftirlits þar sem skýrt verði kveðið á um að Matvælastofnun sé það lögbæra

eftirlit sem löggjöf ESB gerir ráð fyrir að sjái um að tryggja gæði, samkvæmni og skilvirkni eftirlits og að í lögum um hollustu og mengunarvarnir nr. 7/1998 verði bætt í 3. gr. laganna um orðskýringar, nánari skilgreiningu á hugtökunum, yfirumsjón og samræming heilbrigðiseftirlits. Þar verði skýrt kveðið á um að Umhverfisstofnun sé það lögbæra yfirvald sem löggjöf ESB gerir ráð fyrir að sjái um að tryggja gæði, samkvæmni og skilvirkni eftirlits. Auknu fjármagni verði veitt í þessi verkefni þannig að þessar stofnanir geti sinnt samræmingar hlutverki sínu s.s. með útgáfu handbóka og leiðbeininga auk þess sem áhersla verði lögð í að samræma ferla og verklagsreglur fyrir heilbrigðiseftirlit.

Rökstuðningur:

Stjórn SHÍ telur þær sviðsmyndir sem lagðar eru fram í skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits, frá ágúst 2023, um flutning á heilbrigðiseftirliti frá sveitarfélögum til ríkisins ekki líklegar til að skila þeirri hagræðingu og úrbótum sem sóst er eftir, heldur þvert á móti hafa í för með sér aukinn kostnað og flækjustig fyrir rekstraraðila.

Í álitni ESA kemur m.a. fram: „skortur á fullnægjandi kerfi opinbers eftirlits, óljós skipting ábyrgðar milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda og ósamkvæm og óskilvirk framkvæmd opinbers eftirlits, sem krafist er samkvæmt viðeigandi EES-löggjöf, leiðir enn fremur til skorts á réttarvissu rekstraraðila. Rekstraraðilar geta ekki séð fyrir það fyrirkomulag opinbers eftirlits sem þeir falla undir og geta ekki verið vissir um að opinbert eftirlit sé innt af hendi af samkvæmni og af viðeigandi, lögbærum yfirvöldum.“

Löggjöf ESB gerir ekki kröfur um að opinbert eftirlit sé á höndum eins aðila, eins og Matvælastofnunar, heldur að „stjórnvöld tilnefni eitt yfirvald sem tryggir, fyrir hvert svið eða hluta þess, samræmd boðskipti eins og við á við lögbær yfirvöld. Þannig væri hægt að tryggja gæði, samkvæmni og skilvirkni opinbers eftirlits.“ (úr reglugerð ESB 2017/625 liður 26). Í reglugerðinni kemur einnig fram: „... ættu þau (lögbær yfirvöld) að starfa á grundvelli skjalfestra verklagsreglna og ættu að veita starfsfólki, sem annast opinbert eftirlit, upplýsingar og leiðbeiningar.“(liður 40).

Heilbrigðiseftirlitin á landinu eru reiðubúin að vinna náið með Umhverfisstofnun og Matvælastofnun að aukinni samræmingu.

Aðgerð 2. Innleiðing nýrra laga og reglugerða.

Við endurnýjun og gerð nýrra laga og reglna í málaflokknum verði lögð áhersla á virkt samtal milli fagráðuneytanna, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga með það að markmiði að gera reglurnar eins skýrar og einfaldar og kostur er.

Rökstuðningur:

Fjármagn og mannskap hefur skort til að tryggja fullnægjandi innleiðingu og leiðbeiningar frá þeim yfirstofnunum sem bera ábyrgð á samræmingu skv. lögum og mikilvægt að

tryggja að slíkt sé til staðar. Í reglugerð ESB 2017/625 lið 65 kemur fram að; „Aðildarríki ættu að tryggja að fullnægjandi fjármagn sé alltaf tiltækt til að manna og útbúa lögbær yfirvöld, sem annast opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi, á viðeigandi hátt.“ Til þess að bæta innleiðingu nýrra laga og reglna er mikilvægt að virkt samtal sé á milli heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga, fagstofnana og ráðuneyta. Þannig er hægt að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við vilja löggjafans og í samræmi við markmið þeirra breytinga sem unnið er að hverju sinni.

Aðgerð 3. Samræmd upplýsingakerfi.

Undir lið 86 reglugerðar ESB 2017/625 kemur fram að; „Til að styrkja skilvirkari stjórnun á opinberu eftirliti ætti framkvæmdastjórnin (stjórnvöld) að koma á fót tölvuvæddu upplýsingakerfi sem samþættir og uppfærir, eftir því sem þörf krefur, öll viðeigandi upplýsingakerfi sem fyrir eru, sem leyfir notkun þróaðri boðskipta- og vottunarúrræða og skilvirkasta notkun á gögnum og upplýsingum sem tengjast opinberu eftirliti.“

Heilbrigðiseftirlitin eru tilbúin að vinna með fagstofnunum að samræmdum gagnagrunni þar sem gagnsæi og niðurstöður opinbers eftirlits verða í samræmi við kröfur ESB. Þannig verður hægt að tryggja að Ísland uppfylli 11. gr. reglugerðar ESB 2017/625 um gagnsæði opinbers eftirlits. En markmiðið með samræmdum gagnagrunni væri að uppfylla eftirfarandi kröfur 11. greinar í reglugerðinni um að tryggja reglulega og tímanlega birtingu upplýsinga um:

- a) tegund, fjölda og útkomu úr opinberu eftirliti,
- b) tegund og fjölda tilvika þar sem kom í ljós að ekki var farið að tilskildum ákvæðum,
- c) tegund og fjölda tilvika þar sem lögbær yfirvöld gerðu ráðstafanir í samræmi við 138. gr. og
- d) tegund og fjölda tilvika þar sem viðurlögum, sem um getur í 139. gr., var beitt

Skoðað verði hvort ástæða er til að sameina heimasíður fyrir heilbrigðiseftirlitin þar sem almenningur og rekstraraðilar geta nálgast allar upplýsingar varðandi starfsemi heilbrigðiseftirlits og gengið frá umsóknum og skráningu. Á síðunni væri jafnframt hægt að samræma birtingu eftirlitsskýrslna og niðurstöður eftirlits.

Rökstuðningur:

Meginstef þeirrar gagnrýni sem fram kemur í álitu ESA snýst um að Ísland uppfylli ekki 11. gr. reglugerðar ESB 2017/625 um gagnsæi opinbers eftirlits. Ekki hefur verið lögð áhersla á að samræma þau upplýsingakerfi sem unnið er með, né að samræma þær upplýsingar sem birtar eru úr þeim kerfum sem eru í notkun. Heilbrigðiseftirlitin vilja vinna að samræmingu upplýsinga- og eftirlitskerfa með gæði gagna í huga ásamt möguleikum á að nýta samþættingar milli kerfa til að nýta upplýsingar til bættrar yfirsýnar og ákvarðanatöku. Upplýsingakerfi sem hefur þann möguleika að taka inn eða skila gögnum

í samræmdan grunn. Þessi stafræna umbreyting mun koma til móts við þær athugasemdir sem komið hafa fram, auk þess auðvelda stjórnvöldum að byggja upp samræmdan grunn þar sem hægt verður að tengja gögn á milli eftirlitsaðila og samræma verklag. Þessi nálgun styður við markmið stjórnvalda um aukna samhæfingu í heilbrigðiseftirliti og skapar grundvöll fyrir skilvirkari og gagnsærri stjórnun gagna.

Aðgerð 4. Samræmt vinnulag.

Unnið verði að því að samræma vinnulag heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga enn frekar en nú er. Farið verði í samræmingu umsókna/skráninga til að koma til móts við óskir viðskiptavina um eins verklag, með það að markmiði að einfalda ferlið. Einnig verði unnið að aukinni samræmingu í útgáfu starfsleyfa, gátlista og eftirlitsskýrsla eins og kostur er. Þar verði sérstaklega hugað að samræmdu áhættumati fyrir allt eftirlit og birtingu niðurstaðna eftirlits, tíðni eftirlits, framsetningu eftirlitsskýrsla, eftirfylgni og skráningu frávika. Þetta verði m.a. gert með því að útbúa verkferla sem stuðli að skilvirkni og samræmi í opinberu eftirliti.

Rökstuðningur:

Mikil áhersla hefur verið lögð í samræmingu á opinberu eftirliti og að lögð verði áhersla á að einfalda alla ferla með það að markmiði að hægt sé að tryggja samræmda umsóknarferla og afgreiðslu. Heilbrigðiseftirlitin eru komin mismunandi langt í rafrænum ferlum og við birtingu gagna. SHÍ býður fram krafta sína til að koma að því ferli að taka saman upplýsingar og þarfagreina þá ferla sem nauðsynlegt er að fara í til að ná fram því markmiði að ná fram samræmingu. Við eftirlit er mikilvægt að samræma gátlista í samræmi við það áhættumat sem leggur grunn að samræmdu verklagi með hverju atvinnugreinaflokki. Þá er mikilvægt að lokið sé við verklagsreglur um frammistöðumat úr eftirliti, svo hægt sé að samræma birtingu niðurstaðna úr opinberu eftirliti.

Aðgerð 5. Gjaldtaka.

Samræma þarf gjaldskrár heilbrigðiseftirlita á Íslandi. Stefnt verði að því að auka enn betur samræmi í gjaldskrár heilbrigðiseftirlita eftir því sem aðstæður leyfa, að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, sem geta verið mismunandi eftir landshlutum. Sérstaklega þarf að skoða hvort ástæða er til að jafna ferðakostnað og sérstakar aðstæður í dreifbýli sem kallar á aukin kostnað við opinbert eftirlit.

Rökstuðningur:

Í reglugerð ESB 2017/625 er tilgreint að heimilt sé að innheimta eftir eftirlitsáætlun, en gjöld skuli jafnframt ákvörðuð á grundvelli kostnaðar að því marki sem hann er til kominn vegna viðkomandi opinbers eftirlits, svo sem launakostnaði, kostnaði starfsstöðva, ferðatíma, þjálfun starfsfólks, ofl. Einnig gerir reglugerð ESB 2017/625 ráð fyrir að gjaldataka geti byggt á grundvelli útreiknings á raunverulegum kostnaði við hvert einstaks

opinbers eftirlit. Það er mikilvægt að við samanburð á kostnaði við eftirlits sé tekið inn í myndina sérstakar aðstæður s.s. aukin kostnað vegna vegalengda.

Aðgerð 6. Fræðsla og upplýsingar.

Farið verði í átak í samræmdri þjálfun nýs starfsfólks þar sem áhersla væri á flæði upplýsinga og starfsfólks milli svæða. Jafnframt verði komið upp sameiginlegum fræðslu- og upplýsingabanka heilbrigðiseftirlita þar sem starfsfólk eftirlitanna hefði aðgang að góðu fræðsluefni í málaflokknum óháð staðsetningu.

Rökstuðningur:

Til að tryggja samræmt eftirlit dugar ekki einungis að bæta upplýsingakerfin og regluverkið. Mannlegi þátturinn er og verður alltaf mikilvægasti þátturinn í opinberu eftirliti. Skipuleg fræðsla þar sem áhersla er lögð á að heilbrigðisfulltrúar fari á milli svæða og kynnist störfum annarra er mikilvægt til að samræma verklag. Gott aðgengi að miðlægu fræðsluefni gegnir þar lykilhlutverki.

Lokaorð

Tillögur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi um aðgerðir snúa að því að efla starfsemi heilbrigðiseftirlits og bæta. Það verði gert í samstarfi og samvinnu við Umhverfisstofnun og Matvælastofnun og þeirra ráðuneyta sem koma að þessum verkefnum. Það er mat SHÍ að ekki sé skynsamlegt að gjörbylta núverandi kerfi og leggja það niður í núverandi mynd með tilheyrandi raski og tilkostnaði. Með þessu aðgerðum megi ná fram settum markmiðum um samræmt, gagnsætt og skilvirkt opinbert eftirlit.

Stjórn SHÍ

Aðalsteinn H. Sverrisson, formaður

Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri

Sigrún Guðmundsdóttir, ritari

Hulda Kristjánsdóttir

From: Þórdís Hadda Yngvadóttir <thordis.h.yngvadottir@althingi.is>
Sent: miðvikudagur, 6. nóvember 2024 15:52
Subject: Til umsagnar 75. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

6. nóvember 2024

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar mál nr. 75, tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis.

Verði því ekki við komið er einnig mögulegt að senda umsagnir með tölvupósti á umsagnir@althingi.is.

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 20. nóvember nk.**

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis.

Með kveðju,



Þórdís Hadda Yngvadóttir

Teymisstjóri
Nefndadeild
563 0500



*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer*

Hulda Kristjánsdóttir

From: Þórdís Hadda Yngvadóttir <thordis.h.yngvadottir@althingi.is>
Sent: miðvikudagur, 6. nóvember 2024 14:49
Subject: Til umsagnar 79. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

6. nóvember 2024

Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar mál nr. 79, frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til sambúðar).

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis.

Verði því ekki við komið er einnig mögulegt að senda umsagnir með tölvupósti á umsagnir@althingi.is.

Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 20. nóvember nk**.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis.

Með kveðju,



Þórdís Hadda Yngvadóttir

Teymisstjóri
Nefndadeild
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer